

Sóknaráætlun Vestfjarða - 2019

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Mat á árangri sóknaráætlunar	4
2. Fjárframlög til sammingsins	5
3. Samráðsvettvangur	6
4. Áhersluverkefni	7
Visit Westfjords	7
Hringvegur 2.....	8
Umhverfisevntun	8
Lýðskólinn á Flateyri.....	8
Matarkistan Vestfirðir.....	9
Smávirkjanir	9
Þverfaglega rannsóknarteymið	9
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeði.....	9
Innviðaupbygging vegna fiskeldisupbyggingar á Vestfjörðum	9
5. Uppbyggingarsjóður	10
Úthlutunarnefnd	10
Fyrirmyndarverkefni	11
Dokkan brugghús	11
Lýðskólinn á Flateyri.....	11
Blús milli fjalls og fjöru	11
6. Lokaorð	15
7. Undirritun og staðfesting	16
8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum	17

Inngangur

Sóknaráætlun hefur fest sig í sessi og er orðin nokkuð þekkt stærð með starfsemi Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og áhersluverkefnum. Árið 2019 var síðasta árið sem Sóknaráætlun starfaði samkvæmt samningi sem gerður var við landshlutasamtökin árið 2015.

Unnið var því að endurmeta starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða á fyrri hluta árs 2019 til að vera tilbúinn til að vinna að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Rekstur Sóknaráætlunar gekk vel á árinu 2019 innan þess fjárhagsrammasem áætluninni er settur. Ein úthlutun var úr Uppbyggingarsjóði í lok árs 2018 og ein styrkúthlutun varðandi áhersluverkefni.

Samráðsvettvangur hittist Undir lok ársins var hafinn var undirbúningur að því að færa samráðsvettvang Sóknaráætlunar Vestfjarða á rafrænan vettvang. Árið 2019 var síðasta árið sem samningur um Sóknaráætlun 2015-2019 var í gildi og fór því mikill tími á árinu að undirbúa þá vinnu og búa til nýja Sóknaráætlun fyrir Vestfirði og var sú vinna kláruð í október 2019.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Vel hefur gengið að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem fjárhagsrammi áætlunarinnar gefur tilefni til. Unnið er stöðugt að því að stækka fjárhagsramma áætlunarinnar. Ágætur árangur hefur náðst í þeim verkefnum sem svigrúm var til að ráðast í eða styrkt voru af Uppbyggingarsjóði. Menningarstarfsemi hefur eflst, bæði í litlum verkefnum s.s. leiksyningum og stórum verkefnum í tengslum við starfsemi menningarstofnana. Talsverð nýsköpun fer fram í menningartengdri ferðaþjónustu. Þó verður að segja að starfsemi menningarstofnana berst þó víðast hvar í bökkum vegna takmarkaðs fjármagns.

Árið 2019 var unnið að áhersluverkefnum sem samþykkt voru árið 2018 og lagt áherslu á að þau yrðu kláruð eins og ráð var gert fyrir í samningum. Tekið var upp nýtt fyrirkomulag við velja áhersluverkefni fyrir árið 2019. Auglýst var eftir tillögum að áhersluverkefninum og var opnað fyrir að senda inn tillögur á vef Vestfjarðastofu þann 21. nóvember og var opið til 21. desember 2018. Alls bárust 11 tillögur og fengu Framkvæmdarráð Sóknaráætluna og Samráðsvettvangur upplýsingar um þær allar. Verkefnateymi Vestfjarðastofu lagði svo mat á efni tillagnanna og tengingu þeirra við Sóknaráætlun Vestfjarða. Einnig var óskað eftir umsögnum samráðsvettvangs og var notað til þess vettvangurinn Betra Ísland og svo sameiginlegur fjarfundur sem haldinn var á þremur stöðum. Á grundvelli umsagnar samráðsvettvangs voru mótaðar tillögur að efni og fjárhæð áhersluverkefna á grundvelli þeirra tillagna sem sendar voru inn. Að lokum tók stjórn Vestfjarðastofu þær til afgreiðslu. Árangur af áhersluverkefnum var ágætur, einkum hvað varðar áherslur í umhverfismálum með samþykki umhverfsvottunar á starfsemi sveitarfélaga, eflingu markaðsstarfs ferðaþjónustunnar, innviðaupbyggingu og aukið framboð á námi á svæðinu.

Árið 2019 var unnið að nýrri Sóknaráætlun fyrir Vestfirði sem taka mun til áranna 2020 – 2024. Vinnan hófst með formlegum hætti með fundi sem fékk yfirskriftina Krossgötur og vísaði nafnið til þess að við stöndum á krossgötum í svo fjölbreyttum skilningi. Sem landshluti, sem þjóð, sem íbúar í heimi sem breytist svo ört. Loftslagsmál, umhverfismál og tæknibreytingar hafa mikil áhrif um allan heim.

Um 70 til 80 manns mætti á Krossgötufundinn sem haldinn var í Bolungarvík 29. maí 2019. Voru þar ýmsir fyrirlesarar áamt vinnustofu. Sævar Kristinsson KPMG fjallaði um sviðsmyndir og um mögulega þróun atvinnu og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035, Ragnheiður H. Magnúsdóttir formaður Tækninefndar Vísinda- og tækniráðs fjallaði um fjórðu iðnbyltinguna og tækifæri henni tengdri í dreifðum byggðum. Og Þórey Vilhjálmsdóttir og Héðinn Unnsteinsson hjá Capacent leiddu vinnustofur um framtíðarsýn fyrir Vestfirði.

Eftir þennan stórfund (Krossgötur) voru haldnir 3 fundir með rýnihópum þar sem markmiðið var að ná fram skoðunum þessara hópa á framtíðarsýn fyrir Vestfirði og helstu áherslum í atvinnu- og byggðamálum. Ungt fólk og fólk af erlendum uppruna var sérstaklega boðið velkomin á þessa rýnifundi.

Einnig voru vinnufundir á á öllum svæðum Vestfjarða í kjölfar Krossgötu fundarins. Til fundanna var sérstaklega boðið fulltrúum úr nefndum sveitarfélaga, sveitarstjórnnum, fulltrúum helstu fyrirtækja og menningarverkefna á svæðunum. Á þessum fundum var sjónum beint að áherslum í atvinnuþróun, nýsköpun, menningu og byggðapróun Vestfjarða og aðgerðum næstu fimm ára.

Fundur samráðsvettvangs var svo haldinn ágúst 2019. Þar var unnið með niðurstöður stórfundar, rýnihópa og vinnufunda og aðrar áherslur sem fulltrúar vildu leggja áherslu á við mótun nýrrar sóknaráætlunar. Auk samráðsvettvangs var boðið til fundarins völdum aðilum.

2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2019 var kr.107.666.571,- Samkvæmt samningnum sjálfum skiptist framlag ríkisins á milli framlags mennta- og menningarmálaráðuneytis og framlags atvinnu og nýsköpunarráðuneytis. Framlag sveitarfélaga á Vestfjörðum var kr. 7.910.000.-

Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2019

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	107.666.571
Viðaukasamningar	
Framlög sveitarfélaga	7.910.000
Önnur framlög	
Flutt frá fyrra ári	600.000
Vaxtatekjur	1.230.887
Samtals	117.407.458

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2019 koma til á síðasta degi ársins og þeim er ekki ráðstafað í verkefni fyrr en í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2019

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	44.576.571
Uppbyggingarsjóður	39.100.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	24.500.000
Viðaukasamningar	0
Umsýsla	8.000.000
Óráðstafað 2019	1.230.887
Samtals	117.407.458

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða úthlutaði 24.500.000 kr. í stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli umsókna. Mjög mikilvægt er þessi tegund styrkja verði ekki skorin frekar niður. Alls var úthlutað 63.6 mkr. í styrki í Uppbyggingarsjóði. Framlög ríkisvaldsins til menningarverkefna og uppbyggingar á Vestfjörðum var mun hærra á fyrri árum, á meðan fjárlaganefnd Alþingis ákvað úthlutanir til slíkra verkefna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á grundvelli umsókna til nefndarinnar. Þannig var fjölda verkefna sem tengjast einkum menningararfi og menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum hjálpað af stað við umfangsmikla uppbyggingu, en þau síðan skilin eftir á köldum klaka og að mestu án stuðnings áður en uppbyggingarferlinu var lokið, með þeim skipulagsbreytingum sem fylgdu því að fjárlaganefnd hætti að taka á móti umsóknum á þessu sviði.

3. Samráðsvettvangur

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa tilnefnt fulltrúa í samráðsvettvanginn samkvæmt samþykkt stjórnarfundar FV þann 11. maí 2016. Í samþykkt stjórnar segir: Hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og Atvest settu fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.

Sveitarfélögin lögðu til aðila en ekki hefur reynst auðvelt að manna samráðsvettvang síðustu ár og átti það einnig við um árið 2019. Mun því vera leitað nýrra leiða til að manna hann og ná upplýsingum frá þeim aðilum á árinu 2020. Sveitarfélögin tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélaganna náðu þó ekki því viðmiði.

Nokkrar mannbreytingar hafa orðið frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða samanstandur í dag af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

Eins og áður hefur verið fjallað um þá var samráðsvettvangur kallaður saman nokkrum árið 2019. Á fundi sem haldinn var í nóvember sem var haldinn samtímis í fjarfundi á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði var farið yfir hlutverk og skipan samráðsvettvangs, kynning á starfsemi Uppbyggingarsjóðs og kynning á gildandi áhersluverkefnum. Í lok fundar var tekin til umræðu rammi fyrir áhersluverkefni fyrir árið 2019. Einnig var rætt undir þeim dagskrárlíð hvernig efla megi aðkomu samráðsvettvangs m.a. að vali á áhersluverkefnum. Ekki hefur gengið nægjanlega vel að virkja hópinn sem skipar samráðsvettvanginn, en landshlutinn er víðfeðmur og samgöngur erfiðar yfir veturinn. Samþykkt var að taka í notkun rafrænan samráðsvettvang og gengið var til samninga við Betra Ísland og stofnaður hópur þar inni sem er ekki sýnilegur öðrum. Fyrirkomulagið virkar vel, en þó þarf enn að vinna að því til að fá fólk til að nota kerfið.

Tafla 3: Skipan fulltrúa í samráðsvettvang

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið		Strandabyggð		25- 39 ára	1	Karlar	1
Atvinnulífið		Vesturb/ Tálknafj/Ísaf/Bol/S		40-60 ára	4	Karlar	4
Menningarlíf		Vesturb/ Bolungarví/ Súðavi		25-39 ára	3	kona	3
Menningarlíf		Strandabyggð/ Tálknafj		40-60 ára	2	Karl / Kona	2
Fræðasamfélag		Tálknafj		25-39 ára	1	Konur	1
Fræðasamfélag		Strandab/Vesturb/Ísafj/Talk		40-60 ára	5	Konur	5
Fræðasamfélag		Súðavíkurhreppur		40-60	2	Konur	2
Kjörnir fulltrúar		Bolungarv/Reykhólar Kaldra		25-39	5	Karl / Kona	5
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík		40-60	3	Konur	3
Kjörnir fulltrúar		Ísafjörður		40-60	4	Karl / Kona	4
Kjörnir fulltrúar		Árneshreppur		< 60 ára	1	kona	1
Annað							0
					31		0

4. Áhersluverkefni

Tafla 4: Áhersluverkefni 2019

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)			Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals				
Visit Westfjords	7.200.000	6.400.000	13.600.000	Vestfjarðastofa	Almenn markaðssetning Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna.	heilsteyppt markaðsvinna fyrir Markaðsstofu Vestfjarða	jan 2019 til des 2019 (Þessi þáttur verkefnisins)
Hringvegur 2	4.000.000	12.000.000	16.000.000	Vestfjarðastofa	Þróun ferðamannaleiðarinnar Hringvegur 2	skilgreining á ferðamannaleiðinni, og greining á þeirri upplifun sem tengist ferðalagi um hringveg 2.	jan 2019 til des 2019 (Þessi þáttur verkefnisins)
Umhverfisstofur Vestfirðir	4.000.000	9.500.000	13.500.000	Vestfjarðastofa	viðhalda vottun sem sveitarfélögin hafa fengið	Meir sýnileiki varðandi umhverfismál, Sýning og samræmd stefna í umhverfismálum	jan 2019 til des 2019 (Þessi þáttur verkefnisins)
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum	5.000.000	29.000.000	34.000.000	Háskólasetur Vestfjarða	Efling framhaldsnáms á háskólastigi á Vestfjörðum. Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum.	Ný námsleið, aukinn sýnileiki.	2019
Matarkistan Vestfirðir	3.175.000	0	3.175.000	Fræðslumiðstöðu Vestfjarða	Markmið verkefnisins er að styðja við litla matvælaframleiðendur (núverandi og tilvonandi) til þess að vinna að virðisaukningu þeirrar hrávöru sem þeir framleiða heima í héraði.	Ný námsbraut í boði á Vestfjörðum	2019
Smávirðjanir	2.091.571	0	2.091.571	Vestfjarðastofa	Greining á því hvort að þörf sé á smávirðjanasjóði á Vestfjörðum	Skýrsla sem sýnir hver næstu skref eiga að vera.	2019-2020
Innviðaupbygging vegna fiskeldis	5.000.000	19.000.000	24.000.000	Vestfjarðastofa	Hefja vinnu við framtíðarsýn og stefnumótun fiskeldisuppbyggingar á Vestfjörðum og greiningu á þörf fyrir innviðaupbyggingu því tengt. Að á árinu 2019 verði til áætlun um uppbyggingu innviða vegna fiskeldis til næstu 10-15 ára	Heildstæð stefna í fiskeldi á Vestfjörðum sem byggir á þekkingu, vísindalegum upplýsingum og reynslu sem hefur áunnist í fiskeldi á Vestfjörðum sem hægt verður að leggja fram fyrir stjórnvöld á Íslandi.	2019-2020
Lýðskóli á Vestfjörðum	4.000.000	24.000.000	28.000.000	Lýðskólinn á	Að skapa nýjan valkost í íslensku menntakerfi fyrir fólk sem hefur ekki fundið sig í hinu hefðbundna skólakerfi	Nýr valkostur í menntakerfinu, starfandi skóli á Flateyri	2019
Þverfaglega rannsóknarteymið	2.200.000	300.000	2.500.000	Háskólasetur Vestfjarða	Að stofna óhlutdrægt, þverfaglegt og rannsókn- og vísindateymi undir heitinu "Þverfaglega vestfirska rannsóknarteymið" (ÞVRT) á árinu 2019.	Þverfaglegt teymi komið á fót sem stendur fyrir faglegum verkefnum og viðburðum á Vestfjörðum varðandi vísindaleg málefni.	2019

Visit Westfjords

Verkefnið snýr að almennri markaðssetningu Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna. Markmið verkefnisins er að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vestfirskri ferðaþjónustu með vinnustofum, kynningum, blaðamannaferðum og samfélagsmiðlum. Verkefninu er skipt niður í fimm þætti. Samfélagsmiðla og vefur

Blaðamannaferðir
FAM ferð
Sýningar/vinnustofur
Beinar auglýsingar

Lokaafurðin verður heilsteypt markaðsvinna fyrir Markaðsstofu Vestfjarða sem horfir til þeirra áherslupátta sem settir hafa verið t.d með tilliti til lengingar ferðamannatímabilsins og dreifingar ferðamanna innan svæðisins.

Hringvegur 2

Verkefnið tekur til þróunar, undirbúnings og opunar ferðamannaleiðarinnar Hringvegs 2 á Vestfjörðum. Horft er til þess að þegar Hringvegur 2 keyrður verði hægt að stoppa, njóta ferðarinnar og upplifa Vestfirði. Er þetta verkefni hugsað til þriggja ára og er fyrsti þáttur verkefnisins styrktur að þessu sinni.

Í sóknaráætlun er lögð áhersla á uppbyggingu atvinnugreina sem mikilvægar eru sem ákveðið mótvægi við því einhæfa atvinnulífi sem er nú á Vestfjörðum. Þrátt fyrir að ferðapjónusta sé ört vaxandi grein er hún enn viðkvæm og samansett úr mjög smáum fyrirtækjum. Það er því mikilvægt að styðja vel við áframhaldandi vöxt atvinnugreinarinnar ef hún á að koma inn sem sterk stoð í vestfirskt atvinnulíf.

Umhverfissvottun

Vorið 2019 var verkefnastjóri Umhverfissvottunar lánaður yfir til Náttúrustofa Vestfjarða (Nave) þar sem ákveðið var að kanna hvort að verkefnið ætti frekara brautargengi þar var svo ákveðið í lok árs að starfsmaður færi alfarið yfir til Nave og var gerður starfssamningur við hann þar. Nave gerði samning við Vestfjarðastofu að annars verkefnið í til lok ársins 2020 til reynslu og verður tekin ákvörðun hvort að verkefnið flytjist alfarið þangað í desember 2020. Nave annast því að afla gagna og kynningu á verkefninu en verkefnastjóri frá Vestfjarðastofu hafði yfirumsjón með verkefninu og stýrði einnig viðburðum. Að hausti 2019 var haldin veigamikil sýning sem bar nafnið Umhverfislestin, en Vestfjarðastofa hafði alfarið yfirumsjón með því verkefni. Sýningin var sett upp á þremur stöðum á Vestfjörðum, Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík við góðar undirtektir gesta og fjölmiðla.

Græn skref héldu áfram og eru skráðar stofnanir nú orðnar 32 og kláruðu 4 þeirra skref eitt á tímabilinu. Græna teymið hélt reglulega fundi á árinu til að viðhalda framgangi mála í þeim verkefnum sem búið er að samþykkja í Framkvæmdaáætlun.

Í lok árs fékkst svo silfurvottun fyrir árið 2019 sem er viðurkenning fyrir fimm ára eða meira samfelldar framfarir í umhverfismálum á Vestfjörðum.

Markmið verkefnisins er að fá áframhaldandi umhverfissvottun fyrir starfsemi sveitarfélaganna og festa ferla í sessi svo að sú vinna verði auðsóttari og fá íbúa til að taka þátt í verkefninu með því að innleiða verkefni tengd umhverfissvottuninni og auka með því umhverfisvitund þeirra.

Lýðskólinn á Flateyri

Stutt við uppbyggingu Lýðskólans á Flateyri með því að leggja fjármagn til svo að hægt sé að byggja upp nýjan valkost í íslensku menntakerfi fyrir fólk sem hefur ekki fundið sig í hinu hefðbundna skólakerfi. Skólinn hefur mikið samfélagslegt og menningarleg áhrif á Flateyri og nágretta þorp, bæði vegna nemenda og kennara sem verða á svæðinu.

Í september 2019 hófu 29 nemendur nám við skólann. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til skólans í fast starf og fluttu þeir með fjölskyldu til Flateyrar. Íbúafjöldi þorsins jókst því um 34 ásamt því að um 30 kennarar komu alstaðar að af landinu sem dvöldu um tíma á Flateyri, eina til tvær vikur í senn. Nemendur skólans, kennarar og starfsfólk stóðu fyrir ýmsum viðburðum fyrir íbúa Flateyrar á þessu fyrsta skólaári sem var vel sótt af heimamönnum, sem svo aftur

buðu nemendum, kennurum og starfsfólki velkomið á ýmsa fasta viðburði sem íbúar standa fyrir.

Eftir fyrsta skólaárið er það staðreynd að þrír nemendur hafa sest að á Flateyri og tveir á Ísafirði til langframa. Nokkrir nemendur hafa hug á að flytja til Flateyrar ef vinna við hæfi býðst, en þeir eru í virkri atvinnuleit á svæðinu

Matarkistan Vestfirðir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hafði umsjón með verkefninu en verkefnið gengur út á að bjóða upp á nám sem eykur þekkingu og færni, ýtir undir samvinnu og skapar tengsl á milli aðila sem hafa í hyggju að fara í framleiðslu matvæla á svæðinu.

Í ágúst 2019 hófst skráning í námið, þá var stundaskrá tilbúin og búið að ráða kennara sem að mestu voru þeir sömu og kenndu við matarsmiðjurnar hjá Farskólanum.

Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá 30. október, kennt var tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga kl. 16:00-18:00. Fyrirlestrar voru teknir upp og voru aðgengilegir eftir kennslu.

Smávirkjanir

Verkefnið gengur út á að fá verkfræðistofu til að vinna greiningu á því hvort að þörf sé á að stofna smávirkjanasjóð á Vestfjörðum. Sjóðnum væri ætlað að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum og auka möguleika á litlum virkjunum á Vestfjörðum.

Þverfaglega rannsóknarteymið

Megintilgangur verkefnisins er að geta veitt fjármögnun til að styðja uppbygginu á óhlutdrægum, þverfaglegum vísindarannsóknum á Vestfjörðum. Verkefni er framhald á verkefni sem stutt var árið 2017. Haldin var ráðstefna þar sem mikill fjöldi gesta kom og rætt var um áherslur og samstarfsmöguleika rannsóknarumhverfisins á Vestfjörðum. Eftir þessa vinnu er komin saman hópur á Vestfjörðum sem er með þverfaglega reynslu og vísindapekkingu sem vinnur saman þegar þörf er á og heldur skipulega fundi til að halda tengslum og þekkingu á svæðinu.

Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðarfræði

Stofna nýja námsleið á meistarastigi hjá Háskólasetri Vestfjarða. Námsleiðin er að öllu leyti hugsuð hliðstæð við núverandi námsleið í Strandsvæðastjórnun, til að nýta samlegð. Byrjað var að kenna námsleiðina í ágúst 2019 og var ráðinn fagstjóri til að stýra námsleiðinni. Námið byggir einkum á inntaki og aðferðum félagsfræði, hagfræði og mannvistarlandafræði og skipulagsfræði. Að námi loknu hafa nemendur öðlast skilning á möguleikum og takmörkunum þróunar byggða við Norður Atlantshaf og tamið sér aðferðir til að sjá fyrir og stýra þróun þeirra. Níu nemendur skráðu sig í Sjávarbyggðarfræði árið 2019 en von er á að fleiri skrái sig inn í námsleiðina að hausti 2020.

Innviðaupbygging vegna fiskeldisupbyggingar á Vestfjörðum

Að setja fram heilstæða stefnu byggða á þekkingu, vísindalegum upplýsingum og reynslu sem hefur áunnist í fiskeldi á Vestfjörðum til þess að leggja fram við stjórnvöld á Íslandi. Framkvæmdin hugsuð sem þverfagleg stefnumótunarskjal með aðkomu fagaðila úr fiskeldi sem og sérfræðinga á öllum þeim sviðum sem tengjast atvinnugreininni í líkingu við þær stefnumótunarskýrslur sem unnar hafa verið af Sintef í Noregi. Lokaafurð verður heildstæð stefna í fiskeldi á Vestfjörðum sem byggir á þekkingu, vísindalegum upplýsingum og reynslu sem hægt verður að leggja fram fyrir stjórnvöld á Íslandi.

5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn FV samþykkti á fundi 4. október 2018 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2019. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 17 nóvember. janúar 2017. 65 mkr voru til ráðstöfunar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var úthlutunarnefnd falið að skipta þeim þannig:

1. 25 milljónir gengju til stærri nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir væru hærri en 1200 þús kr.
2. 20 milljónir gengju til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærri menningarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón.
3. 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru 1200 þús kr eða lægri.

Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd var þannig skipuð fimm konum og fjórum körlum og sama á við varðandi varamenn.. Ekki var skipað fagrað þar sem nefndin er þetta fjölmenn. Á Vestfjörðum þarf einnig að taka mið af landfræðilegri legu og gæta þess að umsóknir deilist nokkuð jafnt milli hluta svæðisins, enda uppfylli þær gæðakröfur. Fjórir aðalmenn eru kjörnir fulltúar en þrír úr hópi varamanna.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2019 voru:

Aðalmenn:

Arna Lára Jónsdóttir	norðanverðum Vestfjörðum
Martha Kristín Pálmadóttir	norðanverðum Vestfjörðum
Baldur Smári Einarsson	norðanverðum Vestfjörðum
Ásgerður Þorleifsdóttir	norðanverðum Vestfjörðum
Finnur Ólafsson	Ströndum
Aðalbjörg Sigurvaldadóttir	Ströndum
Eva Dögg Jóhannesdóttir	sunnanverðum Vestfjörðum
Sigurður Viggósson	sunnanverðum Vestfjörðum
Geir Gestsson	sunnanverðum Vestfjörðum

Varamenn:

Baldur Björnsson	norðanverðum Vestfjörðum
Kristján Þór Kristjánsson	norðanverðum Vestfjörðum
Magnús Ingi Jónsson	norðanverðum Vestfjörðum
Guðbjörg Bergmundsdóttir	norðanverðum Vestfjörðum
Ásta Þórisdóttir	Ströndum
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir	Ströndum
Friðbjörg Matthíasdóttir	sunnanverðum Vestfjörðum
Matthías Ágústsson	sunnanverðum Vestfjörðum
Ásdís Snót Guðmundsdóttir	sunnanverðum Vestfjörðum

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef FV og með vefborða á BB.is.

Starf úthlutunarnefnd fór þannig fram: 107 umsóknir bárust. Menningarfulltrúi safnaði umsóknum saman í eitt skjal og sendi til allra fulltrúa í úthlutunarnefnd. Hver fulltrúi gaf hverri umsókn einkunn í 13 liðum. Menningarfulltrúi tók álit allra nefndarmanna saman og var þá komin gróf heildarmynd á afstöðu nefndarmanna.

Haldnir voru tveir símafundir og tveir vinnufundir. Úthlutunarnefnd samþykkti 28 nóvember 2018 57 styrkvilyrði upp á 63.6 mkr. Úthlutun fór þannig fram að 10.8 mkr. fóru í Stofn-og rekstrarstyrki, 24.5 mkr. fóru í stærri verkefni (styrkir hærri en 2 mkr.) og 17.8 mkr fóru í úthlutun á minni styrki (styrkir undir 2 mkr.)

Fyrirmyndarverkefni

Þar sem árið 2019 var síðasta árið í þeim samningi sem gerður var fyrir Sóknaráætlun 2015-2019 þá er fjallað hér um fyrirmyndarverkefni fyrir það tímabil.

Dokkan brugghús

Dokkan brugghús var stofnað í október 2017 og var fyrsti bjórinn í boði í byrjun sumars 2018. Dokkan fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða árið 2018 til að þróa nýja vöru. Þau fengu svo aftur styrk 2019 til að setja upp gestastofu í brugghúsinu. Vefslóð: www.facebook.com/dokkanbrugghus/ og www.dokkanbrugghus.is/

Umhverfissvottun Vestfjarða

Verkefnið var áhersluverkefni 2017 til 2019. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru búin að hafa svottun frá því árið 2016 og hafa haldið henni síðan. Verkefnið hefur getið af sér mörg önnur eins og Plastpokalausir Vestfirðir, Græn skref sveitarfélaganna og Umhverfislestina svo eitthvað sé upp talið.

Lýðskólinn á Flateyri

Verkefnið var áhersluverkefni árið 2018 og 2019 og er skólinn langtímaverkefni. Í umsókn skín í gegn einlægur áhugi á verkefninu og stendur öflugur hópur áhugamanna að baki uppbyggingu safnsins.

Blús milli fjalls og fjöru

Blús milli fjalls og fjöru er hátíð á Patreksfirði, haldin í lok sumars, þar sem blústónlistinni eru gerð góð skil. Fjöldi tónlistarmanna og blúsunnenda hafa komið til Patró til að leika og njóta þau skipti sem hátíðin hefur verið haldin. Hátíðin hefur fest sig býsna vel í sessi og er búið að sníða af agnúa og vankanta sem einkenna hátíðir af þessu tagi í upphafi. Hátíðin hefur hlotið árlegan styrk úr Uppbyggingarsjóði um hríð. Að baki hátíðarinnar stendur lítill hópur, en í raun má segja að hún sé drifin áfram af einum manni sem hefur mikið dálæti á blústónlist.

Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir / styrki 2019

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	107
Heildarfjárhæð sem sótt var um	223.626.655
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	57
Árangurshlutfall umsókna	53,3%
Heildarupphæð styrkja	63.600.000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	19
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	33
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	5
Áætlaður fjöldi ársverka	50,49

Stofn- og rekstrarstyrkir:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Galdrasýning	Strandagaldur ses	4.300.000
Rekstur Edinborgarhússins	Edinborgarhúsið ehf	4.000.000
Skrímslasetrið	Valdimar Smári Gunnarsson	3.500.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Sauðfjársetur á Ströndum	3.000.000
Melrakkasetur Íslands	Melrakkasetur Íslands	2.500.000
Listasafn Samúels	Sögumiðlun ehf	1.200.000

Stærri verkefnisstyrkir:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Sérstök aukaúthlutun til Edinborgarhúss	Edinborgarhúsið ehf.	4.000.000
Menningarmiðstöðin Edinborg viðburðir	Menningarmiðstöðin Edinborg	2.500.000
Aldrei fór ég suður	Kristján Freyr Halldórsson	2.000.000
Menningardagskrá Hússins 2019	Sköpunarhúsið 72 ehf.	2.000.000
Vestfirski þjóðtrúarfléttan	Háskóli Íslands	2.000.000
Act alone 2019	Act alone, félagasamtök	2.000.000
Hversdagssafn	Skóbúðin hversdagssafn ehf.	2.000.000
Kómedíuleikhúsið	Kómedíuleikhúsið,	2.000.000
Þróun verkferla fyrir þörungasafa	Þörungaklaustur ehf.	2.000.000
Náttúrubarnahátíð og skóli	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	2.000.000
Fræframleiðsla íslenskra plantna	Náttúrustofa Vestfjarða	2.000.000

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Steinshús og Snjáfjallasetur	Sögumiðlun ehf	1.200.000
Hrognkelsi – Lífræna lúsaætan	Albert K. Imsland	1.000.000
Startup Westfjords '19 Nýsköpunarhraðall	Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri	1.000.000
Sköpunarsveimur	Austan mána ehf.	1.000.000
Vélsmiðja G.J.S. vinnustofur á Þingeyri	Byggðasafn Vestfjarða	1.000.000
Skemmtaramúsík, vasaleikhús, ný tónlist	Mugiboogie ehf.	600.000

Sætt og Salt súkkulaði og konfekt	Sætt og Salt ehf.	600.000
Blús milli fjalls og fjöru.	Blús milli fjalls og fjöru	600.000
Áframræktun hörpudisks á Vestfjörðum	Vistum ehf.	600.000
Gamanmyndahátíð Flateyrar 2019	Eypór Jóvinsson	500.000
Tungumálatöfrar	Menningarmiðstöðin Edinborg	500.000
ÚR VÖR vefrit	Aron Ingi Guðmundsson	500.000
Gestastofa Dokkan Brugghús	Dokkan brugghús ehf.	500.000
Þjóðmenningarbýlið í Árneshreppi	Elín Agla Briem	500.000
Fjöruperlur Markaðsráðgjöf og þýðing	Kristín Þórunn Helgadóttir	500.000
Gestastofa í Húsi Samúels	Félag um listasafn Samúels	500.000
Flakkarar & förufólk	Sauðfjársetur á Ströndum	500.000
Runni og Rósa leikrit	Kómedíuleikhúsið,	500.000
Hrognkelsaframleiðsla - hagkvæmisathugun	Kunningi ehf.	500.000
Refa- og náttúruljósmyndaferðir	Skútusiglingar ehf.	500.000
Fox Centre 2020 10th Birthday!	Melrakkasetur Íslands ehf.	500.000
Gilsfjörður Arts	Bergsveinn G Reynisson	400.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	400.000
Kárius og Baktus og Dimmalimm	Íþróttafélagið Höfrungur	400.000
Vinnunafn - Vestfirskar konur	Ágúst Guðmundur Atlason	400.000
Wildwest Kelp	Nesskel ehf.	400.000
Viðburðir og miðlun norðan Djúps	Sögumiðlun ehf.	400.000
Vestfjarðamolar (Markaðs- og vörubrúun)	Eva Dögg Þorsteinsdóttir	400.000
Jóhannesarpassián	Maksymilian Haraldur Frach	400.000
Strandir í verki	Leikfélag Hólmavíkur	200.000
48 stunda gamanmyndakeppni	Eypór Jóvinsson	200.000
Lokahátíð Þjóðleiks á Vestfjörðum	Leikfélag Hólmavíkur	200.000
Fagurfræði hversdagsins	Fjölmóður - Fróðskaparfélag á Ströndum	200.000
Sögusýning í Rafstöðinni	Helgi Hjálmtýsson	200.000
The Factory	Hótel Djúpavík ehf	200.000
Víkingaviðburðir og námskeið	Marsibil G Kristjánsdóttir	200.000
3-D kort í margmiðlunarborð	Valdimar Smári Gunnarsson	200.000
Tálknaféð - Viðburðir 2019	Minjasafn Egils Ólafssonar	200.000
Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar	Tónlistarfélag Ísafjarðar	200.000
Artsceland alþjóðlegar gestavinnustofur	Kol og salt ehf	200.000

Tafla 6: Kyn umsækjenda / styrkhafa

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	67	46	113
Fjöldi umsókna (%)	59%	41%	100%
Heildarupphæð umsókna	138.955.500	84.671.155	223.626.655
Meðalupphæð umsókna	2.073.963	1.840.677	1.978.997
Veittir styrkir			
Fjöldi umsókna	29	28	57
Fjöldi styrkja (%)	51%	0%	51%
Heildarupphæð styrkja	28.200.000	35.400.000	63.600.000
Meðalupphæð styrkja	972.414	1.264.286	1.115.789

Tafla 7: Kyngreind áhrif starfa sem ætlað er að skapist á verkefnatíma

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	6	15	62	24	6	113
Fjöldi umsókna (%)	5,3%	13,3%	54,9%	21,2%	5,3%	100,0%
Heildarupphæð umsókna	6.899.750	35.726.000	132.942.250	43.998.655	4.060.000	223.626.655
Meðalfjárhæð umsókna	1.149.958	2.381.733	2.144.230	1.833.277	676.667	1.978.997
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	5	34	12	2	57
Fjöldi styrkja (%)	7,0%	8,8%	59,6%	21,1%	3,5%	100,0%
Heildarupphæð styrkja	7.000.000	2.600.000	36.800.000	15.000.000	2.200.000	63.600.000
Meðalfjárhæð styrkja	1.750.000	520.000	1.082.353	1.250.000	1.100.000	1.115.789

Tafla 8: Atvinnugreinaflokkun umsókna og styrkja

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Heildarfjárhæð	Meðalfjárhæð
Umsóknir			
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar	1	5.493.000	5.493.000
10 Matvælaframleiðsla	13	36.416.500	2.801.269
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélkn	1	1.202.250	
55 Rekstur gististaða	2	7.000.000	3.500.000
58 Útgáfustarfsemi	3	4.875.500	1.625.167
70 Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rek	4	7.000.000	1.750.000
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknile	2	6.000.000	3.000.000
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur o	10	27.885.000	2.788.500
80 Öryggis- og rannsóknarstarfsemi	1	1.350.000	1.350.000
90 Skapandi listir og afþreying	35	44.807.593	1.280.217
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarf	36	76.582.000	2.127.278
93 Íprótta- og tómstundastarfsemi	5	5.014.812	1.002.962
Samtals	113	223.626.655	1.978.997
Veittir styrkir			
A 01 Ræktun nytjajurta	1	2.000.000	2.000.000
C 10 Matvælaframleiðsla	5	4.000.000	800.000
I 55 Önnur ótalin gisting	2	600.000	300.000
M 70 Viðskiptaráðgjöf	2	1.500.000	750.000
M 74 - Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæk	2	2.200.000	1.100.000
N 79 Ferðaþjónusta	2	1.000.000	500.000
R 90 Skapandi listir og afþreying	19	13.700.000	721.053
R 91 Starfsemi safna og önnur menningarsta	24	38.600.000	1.608.333
Samtals	57	63.600.000	1.115.789

6. Lokaorð

Ekki leikur vafi á því að aukið samstarf og samtal milli landshluta er til bóta. Það stuðlar að því að minnka hina síbreikkandi gjá milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Allar aðferðir og öll þau skref sem stuðla að slíkri samvinnu eru af hinu góða. Ef til vill mætti koma á einhvers konar reynslumiðlunarpingi milli landshluta þar sem fulltrúar þeirra skiptast á reynslusögum um það sem vel hefur gengið og gæti nýst öðrum landshlutum.

Það er augljóslega til hagsbóta fyrir þá sem sækja um styrki að viðmót og ferlar séu sem mest samræmdir. Það er ánægjulegt að það sé verið að vinna að því að gera umsóknarferli rafræn, einföld og straumlínulöguð fyrir umsækjendur sem og úrvinnsluaðila.

Nú sér fyrir endann á því fimm ára tímabili sem Sóknaráætlun tekur til. Það er afar áriðandi að teknar verði skýrar ákvarðanir um framhaldið, því sem betur fer eru Íslendingar smám saman að læra að hugsa og skipuleggja sig lengra fram í tímann. Þar mega stjórnvöld ekki verða til hindrunar.

7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 28. febrúar 2019

Sign
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Sign
Skúli Gautason, menningarfulltrúi

Sign
Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnisstjóri

8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2016 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2017, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2017 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2017

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2017: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2017, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

Framkvæmdaraðili: Þarfnast ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Árangurshlutfall umsókna: Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. $173,3 \times 2 = 346,7$ klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ($2080/2 = 1040$ klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér sköpun starfa á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.